Líkamsmiðuð skrif á tímum gervigreindar: Að rækta mannlega eiginleika hugsunar og þekkingarsköpunar

Hröð þróun gervigreindar er að breyta því hvernig við lesum, skrifum, lærum og sköpum þekkingu í háskólum. Um leið og ný verkfæri geta stutt við textagerð og aukið skilvirkni vaknar spurning um hvaða eiginleikum mannlegrar hugsunar og þekkingarsköpunar við kunnum að vanrækja. Í þessu erindi spyrjum við: *Hvernig geta aðferðir líkamsmiðaðrar hugsunar stutt við þekkingarsköpun og fræðileg skrif á tímum gervigreindar?*

Við kynnum efni vinnustofu um líkamsmiðuð skrif sem haldin var við Háskóla Íslands í ágúst 2026. Þar komu saman fræðafólk úr ólíkum greinum og var sjónum beint að því hvernig aðferðir líkamlegrar gagnrýninnar hugsunar, sem þróaðar eru innan rannsóknarverkefnisins Frelsi til merkingasköpunar, geta nýst í akademískum skrifum. Þátttakendur kynntust meðal annars Focusing og Thinking at the Edge eftir Eugene Gendlin, femínískum hugmyndum um skrif og tengsl, listrænum aðferðum, spuna og ólínulegum lestrar- og skrifæfingum, auk skrifasamfélaga.

Sameiginlegt með þessum aðferðum er áhersla á þætti sem oft fá takmarkað rými í akademískum skrifum: athygli, skynjun, óvissu, innsæi, líkamsvitund, ímyndunarafl og getu til að dvelja við það sem er enn óljóst. Í stað þess að líta á skrif fyrst og fremst sem miðlun hugsunar, sjáum við skrif sem lifandi athöfn og uppgötvunarferli þar sem hugsun glæðist við tengingu við eigin upplifunarþekkingu, aðra og umhverfið.

Við ræðum hvað reynslan af vinnustofunni getur kennt okkur um hlutverk þessara eiginleika í háskólastarfi og hvernig skapa megi kennsluaðstæður og rannsóknarumhverfi sem styðja við þá. Við færum rök fyrir því að á tímum gervigreindar sé ekki síður mikilvægt að spyrja *hvernig við kennum nemendum að hugsa, skynja og skapa þekkingu* en hvernig við kennum þeim að nýta ný tæki.

Þar sem skrif eru ein helsta starfsaðferð fræðafólks og nemenda verður sífellt mikilvægara að líta á skrif sem aðferð til hugsunar og þekkingarsköpunar sem þarf að rannsaka, meta og rækta sem mannlegan eiginleika í háskólanámi og -starfi.

Höfundar of flytjendur:

Lovísa Eiríksdóttir, nýdoktor & Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Og rannsakendur í verkefninu Freedom to Make Sense

https://makesense.hi.is/

Ensk þýðing:

Embodied Writing in the Age of AI: Cultivating Human Capacities for Thinking and Knowledge Creation

The rapid development of artificial intelligence is changing how we read, write, learn, and create knowledge in universities. While new tools can support text production and increase efficiency, they also raise questions about which qualities of human thinking and knowledge creation we may be neglecting. In this presentation, we ask: *How can embodied approaches to thinking support knowledge creation and academic writing in the age of AI?*

We draw on material from a workshop on embodied writing held at the University of Iceland in August 2026. The workshop brought together academics from different disciplines to explore approaches to embodied critical thinking developed through the research project *Freedom to Make Sense*, and their application to academic writing. Participants encountered approaches developed by Eugene Gendlin, including Focusing and Thinking at the Edge, as well as feminist approaches to writing and relationality, artistic methods, improvisation, and non-linear reading and writing exercises. We also explored writing communities as spaces in which people come together to write and support one another.

These approaches share an attention to aspects of writing that are often overlooked: attention, perception, uncertainty, intuition, bodily awareness, imagination, and the capacity to stay with what is not yet clear. Rather than viewing writing primarily as the communication of thought, we approach it as a living activity and process of discovery, through which thinking develops in relation to our own experiential knowledge, others, and our surroundings.

We discuss what the workshop experience can teach us about the role of these capacities in higher education and how teaching and research environments might support them. As writing is one of the primary modes of academic work, we argue that it should be understood not merely as a means of communicating knowledge, but as a practice through which knowledge is created. In the age of AI, cultivating the human capacities involved in thinking, sensing, imagining, and creating may be as important as learning to use increasingly powerful technological tools.